



## FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Miðvikudaginn 30. janúar 2019 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 08.00 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Halldór G. Ólafsson, Péturína L. Jakobsdóttir, Róbert Kristjánsson, Guðmundur Egill Erlendsson, Kristín B. Leifsdóttir og Alexandra Jóhannesdóttir, sveitarstjóri.

Halldór G. Ólafsson oddviti setti fundinn og stjórnaði honum. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

### Dagskrá:

#### 1. Gjaldskrá sveitarfélagsins 2019

Fyrir fundinum lá tillaga að gjaldskrá sveitarfélagsins og stofnana fyrir árið 2019, sem sveitarstjóri kynnti. Sveitarstjórn ræddi gjaldskrána en samþykkti hana síðan með áorðnum breytingum.

#### 2. Samningur um endurskoðun

Fyrir fundinum lágu drög að samningi við Enor um endurskoðun ársreikninga sveitarfélagsins. Með samningnum er gerð sú breyting að Níels Guðmundsson verði endurskoðandi í stað Davíðs Búa Halldórssonar vegna 6. mgr. 72. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Sveitarstjórn ræddi fyrirliggjandi samningsdrög en samþykkti síðan, með þremur atkvæðum gegn tveimur, að fela oddvita að ganga frá samningi við Enor með undirritun sinni.

#### 3. Aðalskipulag

Fyrir fundinum lá matslysing vegna endurskoðunar aðalskipulags Skagastrandar 2010-2022, sem var til umfjöllunar og kynningar á íbúafundi þann 15. nóvember 2018. Sveitarstjórn hafði yfirfarið matslysinguna og samþykkti að vísa henni til umfjöllunar og afgreiðslu hafnar- og skipulagsnefndar.

#### 4. Framkvæmdir 2019

Sveitarstjóri fór yfir fjárfestingaráætlun fjárhagsáætlunar 2019 og gerði grein fyrir þeim verkefnum sem undirbúningur er hafinn við. Einnig kom fram að óvissa er um framhald hafnarframkvæmda í smábátahöfninni vegna túlkunar á samningi við verktaka. Fundur um það verður haldinn næstu daga. Málið var til kynningar.

#### 5. Byggðasamlag um menningar- og atvinnumál

##### a) Fundargerð stjórnar 17.12.2018

Fundargerðin var til kynningar.

##### b) Fjárhagsáætlun 2019



Fjárhagsáætlunin var til kynningar og ekki gerðar athugasemdir vegna hennar.

## 6. Ályktun um úrgangsmál

Fyrir fundinum lá tillaga að stefnu sveitarstjórnar í úrgangsmálum sem sveitarstjóri kynnti. Fram kom að aukin áhersla er á endurnýtingu og endurvinnslu, eins og skýrt kom fram á íbúafundi 15. nóvember sl. Svohljóðandi stefnumörkun var samþykkt:

*Sveitarstjórn styður þá meginstefnu sem mótuð hefur verið síðustu árin, að líta beri á allt efni sem auðlindir sem nauðsynlegt sé að nýta sem best. Í samræmi við það hefur verið litið á úrgangsmál sem málaflokk sem væri að þróast frá því að snúast um lausnir á úrgangsvanda yfir í umræðu um bætta auðlindanýtingu í anda hringrásarhagkerfisins.*

*Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins samþykkti 2. desember 2015 sérstakan „Hringrásarhagkerfispakka“ með það að markmiði að stuðla að framleiðslu og nýtingu umhverfisvænnar vöru, draga úr myndun úrgangs, auka endurvinnslu og nýta orku og aðföng með sjálfbærum hætti. Þessi samþykkt inniheldur m.a. tillögur um breytta úrgangslöggjöf með sérstakri áherslu á að draga úr urðun og auka endurnotkun og endurvinnslu. Sveitarstjórn gerir ráð fyrir að þessar fyrirhuguðu breytingar verði innleiddar hér á landi á næstu árum í samræmi við EES-samninginn og því sé rétt, og verði innan fárra ára skylt, að hlíta þeim ákvæðum sem samþykktin og markmið hennar taka til.*

*Meðal þeirra markmiða í úrgangsmálum sem fram koma í tillögum hringrásarhagkerfisins um breytta úrgangslöggjöf má nefna estírfarandi:*

- Árið 2030 verði:
  - Endurvinnsluhlutfall heimilisúrgangs 65%
  - Endurvinnsluhlutfall umbúðaúrgangs 75%
  - Að hámarki 10% heimilisúrgangs ráðstafað til urðunar.
- Bann verði sett við urðun flokkaðs úrgangs
- Hagrænum hvötum verði beitt til að sporna gegn urðun
- Kerfi sem miða að endurheimt og endurvinnslu verði studd sérstaklega til að sinna hlutverki sínu.

Í tillögum er m.a. lagt til að sú skylda verði lögð á aðildarríkin að auk pappírs, málma, plasts og glers verði lífrænum úrgangi safnað sérstaklega.

*Til að ná þessum markmiðum þurfa einstaklingar, heimili, fyrirtæki og opinberir aðilar að standa saman að breyttum aðferðum og leiðum við meðhöndlun úrgangs. Sveitarstjórn mun því beita sér fyrir aukinni fræðslu um úrgangsmál og leggja áherslu á aukna flokkun og bætta meðferð alls úrgangs með það að markmiði að nýta öll aðföng með eins sjálfbærum hætti og kostur er.*



## 7. Frístundakort fyrir grunnskólanema

Fyrir fundinum lágu reglur um frístundakort grunnskólanemenda. Sveitarstjórn staðfesti fyrirliggjandi tillögur að frístundakorti og að upphæð þess verði hækkuð úr kr. 15.000.- í kr. 25.000.-

## 8. Efling fyrirtækja og frumkvöðla

Fyrir fundinum lá fundargerð vinnufundar sem sveitarstjóri og oddviti áttu með ráðgjafafyrirtækinu Áttum. Auk fundargerðarinnar var tillaga að uppbryggingu átaksverkefna á Skagaströnd sem yrðu unnin í nokkrum skrefum undir stjórn ráðgjafafyrirtækisins. Oddviti og sveitarstjóri gerðu nánari grein fyrir fundinum og verkefninu. Umræður urðu um málið og samþykkt að fela sveitarstjóra og oddvita að taka upp viðræður við ráðgjafafyrirtækið um útfærslu á hugmyndunum og samning um framkvæmd þeirra.

## 9. Bréf

### a. Umboðsmanns barna, dags. 17. janúar 2019

Með bréfinu er greint frá að Umboðsmaður barna muni boða til þings um málefni barna annað hvert ár og ályktanir þeirra skuli kynntar ríkisstjórn. Ekki hefur verið ákveðið hvernig fulltrúar barna verði valdir en að tilnefndur verði tengiliður hvers sveitarfélags sem hefur það hlutverk að hafa milligöngu um þáttöku barna úr sveitarféluginu á þinginu. Samþykkt að tilnefna sveitarstjóra sem tengilið.

### b. Umhverfisstofnunar, dags. 14. desember 2018

Með bréfinu óskar Umhverfsistofnun eftir því að sveitarfélagið tilnefndi fulltrúa í vatnasvæðanefnd með tilvísan til 6. gr. reglugerðar um stjórn vatnamála nr. 935/2011. Bréfið var til kynningar.

### c. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis, dags. 23. janúar 2019

Með bréfinu er vísað til fyrri erinda um misrämi í fjárhagsáætlun og ársreikningi ársins 2016. Í bréfinu kom fram að ráðuneytið metur svar sveitarstjórnar fullnægjandi og sér ekki tilefni til frekari aðgerða vegna framangreinds misrämis. Bréfið var til kynningar.

## 10. Fundargerðir

### d. Tómstunda- og menningamálanefndar 22.01.2019

Fundargerðin var til kynningar

### e. Stjórnar SSNV, 08.01.19.

Fundargerðin var til kynningar

### f. Stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga, 14. 12. 2018.

Fundargerðin var til kynningar



## 11. Önnur mál

### a) Trúnaðarmál

Trúnaðarmál fært í trúnaðarmálabók.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 11.45

*Halldór G. Ólafsson*

Halldór G. Ólafsson

*Róbert Kristjánsson*

Róbert Kristjánsson

*Kristín B. Leifsdóttir*

Kristín B. Leifsdóttir

*Péturína L. Jakobsdóttir*

Péturína L. Jakobsdóttir

*Guðmundur E. Erlendsson*

Guðmundur E. Erlendsson

*Alexandra Jóhannesdóttir*

Alexandra Jóhannesdóttir